

1863. greiddur sè fyrir það sá geymslueyrir, sem þar er ákveðinn, 20. októberm. þegar það er látið í jarðabókarsjóðinn, hvort sem fèð á að vera í sjóðnum þangað til önnur ráðstöfun er um það gjörð, eður það þegar á að borgast aptur út úr aðalféhirzlu ríkisins; og hvað snertir fè það, sem hær er um rætt, þá var í raun og veru svo til ætlazt, að það yrði borgað út úr aðalféhirzlunni, (sbr. uppástungu yðar frá 24. júnímán. þ. á. og bréf dómsmálastjórnarinnar 13. ágústmán. s. á.), jafnvel þó skýrteini það, sem heimtað var og útgefið fyrir því, væri í sama formi og þau skýrteini, sem gefin eru fyrir fè, sem á að vera í jarðabókarsjóðnum þangaðtil því verði öðruvísi ráðstafað, og ber því samkvæmt greindum konungsúrskurði að greiða fyrir þessa 5000 rdl. einn af 100 (1 p. C.); fær jarðabókarsjóðurinn $\frac{3}{4}$ af því gjaldi en landfógetinn $\frac{1}{4}$.

Að endingu er ástæða til að geta þess eptir atvikum máls þessa, að stjórnarráðið vonast eptir, að þegar fè opinberra stofnana eður annað þesskonar fè framvegis verður borgað inn í jarðabókarsjóðinn og svo er til ætlazt, að sama upphæðin aptur verði út borguð úr aðalféhirzlu ríkisins, þá verði ávallt heimtuð og útgefin þau skýrteini um að fèð hafi verið borgað í jarðabókarsjóðinn, sem vanalegt er við að hafa þegar svo er ástatt.

23. októberm. **84. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um umsjónarmannsstörf við hinn lærða skóla og um skipting á aðstoðarfè.**

Stjórnarráðið hafði 6. dag júlímán. þ. á. skorað á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að útvega álit skólameistara hins lærða skóla um það, hvernig haga skuli framvegis umsjóninni við skólann og þvínæst að koma fram með uppástungur um, hvernig skipta skuli þeim 1100 ríkisdöllum, sem í fjárlögum þessa árs og síðari kafla í 2. gr. í lögum 19. janúarmán. þ. á. er veitt sem aðstoðarfè með þeim gjöldum Íslands, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, og einkum hvernig skipta skuli þeim 370 rdl., sem með hinni síðar töldu laga-

1863.

ákvörðun var bætt við aðstoðarfè það, sem áður hafði veitt verið; hafði þér með bréfi 26. ágústmán. þ. á. sent stjórnarráðinu álit skólameistarans, og áskilur hann sér í því að gjöra nákvæmari uppástungur um tilhögunina á umsjónarmannsstörfunum í álitsskjali því, sem hann á að semja um hinar aðrar umfangsmeiri breytingar, sem fyrirhugaðar eru við skólann; en þér hafði tekið fram í bréfi yðar, að ef stofna skuli sérstaklegt umsjónarmannsembætti við skólann, sem þér þó eigi ætlið nauðsyn til bera, þá muni þeir 370 rdl., sem áður er getið, ekki einusinni nægja til launa handa umsjónarmanninum; en ef þar á móti eigi að fela umsjónarmannsstörfina á hendur annaðhvort einhverjum einum kennaranna við skólann, eður þeim öllum í sameining til skiptis, einsog verið hefir, þá sè mátulegt að launin sèu ákveðin til 150 ríkisdala, og hafði þér jafnframt gjört nákvæmari uppástungur um, hvernig skipta ætti því, sem þá væri eptir af þessum 370 rdl., milli hinna annara sýslunarmanna við skólann.

Um þetta efni kunngjörir nú stjórnarráðið yður, að það verður að vera á sama máli og þér um, að ekki beri nauðsyn til að stofna sérstaklegt umsjónarmannsembætti, heldur megi fela umsjónarmannsstörfina á hendur einhverjum af kennurunum við skólann fyrir hæfilega þóknun, er ekki ætti að fara fram úr 300 rdl. á ári; var þetta og álit stjórnarráðsins, þá er það skoraði á ríkisþingið að veita fè það, sem hér er um rætt.

Stjórnarráðið veitir yður því, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, vald til, eptir að þér eruð búnir að fá um það efni álit skólameistarans, að fela störf þessi á hendur þeim af kennurunum við skólann, sem þér álitíð bezst hæfan til að hafa þau á hendi og er fús að taka þau að sér, með þeim kjörum, að hann fái fyrir það 300 rdl. þóknun á ári af ofangreindu aðstoðarfè; svo skal yður og á hendur falið, eptir að þér einnig um það atriði hafið fengið álit skólameistarans, að skipta þeim 70 rdl., sem afgangs verða af aðstoðarfènu, milli söngkennarans og fimleikskennarans við skólann, þannig að viðbót sú, er þeir á þann hátt fá við laun sín, sè talin frá 1. degi aprílmán. þ. á., en þar á móti er það vitaskuld, að þeir 300 rdl.,

1863. sem hér eru ákveðnir fyrir umsjónarmannsstörfín, ekki eiga að
 23. októberm. reiknast fyrri en frá þeim tíma, þá er störf þessi, svo sem að ofan er sagt, verða falin á hendur einhverjum einum af kennurunum.

Þegar þar að kemur, vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu um, hvað gjört verður í þessu efni.

27. októberm. **85. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun fyrir læknislyf handa stúdentum á prestaskólanum í Reykjavík.**

Í skjali nokkru, er þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, senduð stjórnarráðinu með bréfi yðar 19. dag júnímán. þ. á., hefir Randrúp lyfsali í Reykjavík farið þess á leit, að hið opinbera borgi sér á sama hátt og að undanfögnu tvo reikninga fyrir læknislyf, er stúdentar á prestaskólanum fengu hjá honum árin 1861 og 1862, en upphæð reikninganna var 3 rd. 85 sk. og 3 rd. 68 sk. Um þetta efni skal yður kunnngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það og gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið eptir atvikum málsins veitir samþykki sitt til, að Randrúp lyfsala seu á vanalegan hátt ávísaðir úr jarðabókarsjóðnum 3 rd. 85 sk., sem borgun fyrir læknislyf þau, er hann lét af hendi árið 1861; en þar sem stjórnarráðið þegar hefir lýst því yfir í bréfi sínu 9. septembermán. 1861, að engin heimild sé til að veita stúdentum á prestaskólanum læknislyf ókeypis, þá getur stjórnarráðið ekki leyft, að borgunin fyrir læknislyf þau, er stúdentar þessir fengu árið 1862, sé greidd úr ríkissjóðnum.

27. októberm. **86. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skyldu skólakennara til að vera í forstöðunefnd barnaskólans í Reykjavík.**

Með álitsskjali, dagsettu 22. ágústmán. þ. á., hafð þér,